

**Ed.**

**241. Nefndarálit**

um frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (þingskjal 128).

Nefndin ræður eindregið til að þetta frv. verði samþykkt, með því að kunnugt er að bæjarstjórn Reykjavíkur telur þessa rjettarbót mjög nauðsynlega og nefndin er á sama máli um það.

Hins vegar virðist nefndinni sum ákvæði frumvarpsins ekki nógu skýr og ítarleg, og úr því vill hún bæta með breytingartillögum sínum, og eru þær gerðar í samráði við þá háttvirta þingmenn neðri deildar, sem mest hafa um þetta frumvarp fjallað. Leggur nefndin því til að frv. verði samþykkt með þessum

**BREYTINGUM:**

1. Við 6. gr. Síðasta málsgreinin orðist þannig:

Nú sækja aðiljar, einn eða fleiri, eigi merkjadómþing, enda þótt löglega sje til stefnt, og skal dómur ganga um málið alt að einu, enda skipi dómurinn þá talsmann hverjum þeim, er eigi sækir dómþingið, en að öðru leyti skal málið fara eftir rjettarfarsreglum einkamála.

2. Við 7. gr. 3. málsg. Fyrir »merkjadómur kveður og . . . á kaupi dómenda« komi:

Merkjadómur kveður og á um það, hver málsaðilja skuli greiða málskostnað, þar á meðal um kaup til dómenda. Nú þykir merkjadómi eigi ástæða til að kveða á um greiðslu kaupsins til dómenda, og greiðist það þá úr bæjarsjóði.

3. Við 11. gr. Greinin sje þannig orðuð:

Nú verða eigandaskifti að skrásettri lóð, og má þá eigi þinglýsa skjali eða skjölum þar um, nema lóðaskráritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigandaskiftanna sje getið í lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skift í hluti, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiftinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiftingunni.

4. Aftan við 13. gr. bætist:

en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

Alþingi 25. júlí 1914.

Eiríkur Briem,  
form.

G. Björnsson,  
ritari og framsögumaður.

Karl Einarsson.